



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Sprettis 22. maí 2025, fundur hófst kl 20:00.

Staður: Fundarherbergi Samskipahöllinni

Mættir eru: Jónína Björk Vilhjálmsdóttir, Katla Gísladóttir, Davíð Áskelsson, Sigrún Valþórsdóttir, Sigurbjörn Eiríksson, Lárus Sindri Lárusson, Haraldur Pétursson.

Fjarverandi:

1. Starfsmannamál

Ragnar Stefánsson hefur ákveðið að segja starfi sínu lausu. Best væri að ganga frá ráðningu arftaka Ragnars í júní þannig að viðkomandi geti byrjað í ágúst. Gjaldkeri gengur frá starfslokum við Ragnar.

Með fréttinni um starfslok Ragga var auglýst eftir áhugasömum aðilum, vonandi skilar það einhverju.

2. Gæðingamót

Lárus er umsjónaraðili mótsins fyrir hönd stjórnar og Katla verður honum innan handar. Finna þarf sjálfboðaliða til aðstoðar á mótinu, bæði frá Spretti og Faki þar sem mótið er sameiginlegt að þessu sinni.

3. Rekstrarhringur

Búið að senda út frétt um rekstrarhringinn. Verktakavinnu við rekstrarhringinn er lokið en það á eftir að girða. Rætt um að búa til vinnuhóp sem undirbýr girðingarvinnuna, kanna hvað er til af efni sem nýta má og áætla hvað á vantar svo hægt sé að meta kostnaðinn við að klára. Sigrún tekur það að sér.

4. Viðrunarhólf

Sækja þarf merkingar fyrir viðrunarhólf in í Logoflex og koma þeim á staurana. Haraldur tekur það að sér.

5. Fjármál félagsins

Rætt um framkvæmdir/viðhald sem þarf að vinna að í nánustu framtíð. Rætt var um mál eins og hljóðkerfið í Samskipahöll, lagfæra Íþróttavölliinn Garðabæjarmegin, yfirfara eldvarnir í fasteignum félagsins og vökvun í Húsasmiðjuhöll svo eitthvað sé nefnt. Rætt um hituveitumál, Davíð fylgir þeim eftir.

Ákveðið að setja upp Excel-skjal þar sem hugsanlegar framkvæmdir verða listaðar og svo þarf að ganga í búa til kostnaðaráætlun fyrir atriðin. Sigurbjörn útbýr skjalið.

Fundi slitið kl. 21:45

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson